



Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur, þriðjudaginn 24. apríl 2018 á Kjóavöllum.

5. fundur

Fundur hófst kl. 17:30

Mættir: Sveinbjörn Sveinbjörnsson, Lárus Finnbogason, Sverrir Einarsson, Auður Stefánsdóttir og Magnús Benediktsson framkv.stj.

Ragna Emilsdóttir, Sigurður Tyrfingsson, Hermann Vilmundarson boðuðu forföll.

Á þessum 5. fundi stjórnar var eftirfarandi tekið fyrir:

1. Fundargerðir síðasta stjórnarfundar samþykkt.
2. Áhugamannadeildinni er lokið og gekk vel. Aðsókn var vonum framar og framkvæmd gekk vel. Flestir viðburðir fóru fram hér í Samskipahöllinni.
3. Blue Lagoon deildin gekk einnig vonum framar. Henni lauk sunnudaginn 22.04 og vel sótt. Viðburðirnir fóru fram ýmist í Samskipahöllinni eða Fákshöllinni.
4. Heyrúllum þarf að beina að rúllustæði þar sem engin hættar stafar af. Hugsanlega þarf að gera minniháttar breytingu á skipulagi hverfisins þar sem mön eða skjólbelti heldur utan um svæðið. Bæði Garðabær og Kópavogur koma að þessu skipulagi.
5. Búið er að funda bæði með Garðabæ og Kópavogi utan þessara hefðbundnu funda Stjórnar. Þar hafa fulltrúar félagsins kynnt helstu kostnaðarliði og tekjuhlið félagsins. Vilyrði gefið fyrir hækkun á framlögum. Margt er framundan sem kallar á aukin útgjöld ekki síðst í að koma svæðinu í gott horf fyrir komandi mót og Landsmót. Við fundum fyrir miklum velvilja frá báðum sveitarfélögum í að gera svæðið gott. Mikið spurt um uppbyggingarstarf félagsins og hverjar raunverulegar þarfir eru. Sveitafélögin átta sig á því að starfið er keyrt að mjög miklu leiti á sjálfboðastarfi. Setja á laggirnar stýrihóp til að undirbúa Landsmót 2022. Fulltrúar beggja sveitarfélaga munu verða í nefndinni ásamt fulltrúum Sprettis. Sett verður upp þriggja ára plan.
6. Félagið hefur fengið 50 fm skála gefins sem á að nýta í veitingarsölu á svæðinu. Honum verður komið vel fyrir á svæðinu.

7. Dagur Íslenska Hestins er 01. maí. Hann verður kynntur vel á næstu dögum og dagskrá sett upp í Samskipahöllinni. Þar verður létt sýning, grillaðar pylsur og svaladrykkir.
8. Búið er að ráða Heklu Katarínu Kristinsdóttur sem reiðkennara og þjálfara fyrir þau börn, unglinga og ungmenni sem ætla að taka þátt í úrtöku fyrir Landsmót.
9. Framundan eru margir viðburðir svo sem Íþróttamót, Gæðingamót, Áhugamannamót og Íslandsmót.

Fundi slitið kl. 18:45 Fundargerð ritaði Auður Stefánsdóttir